

1888 nr. 6 19. júní**Lög um bátfiski á fjörðum**

Tóku gildi 15. október 1888. Breytt með L. 46/1926 (tóku gildi 1. jan. 1927).

■ 1. gr.

Rétt er að útilykja aðkomandi fiskimenn frá bátfiski, nema síldveiðar sé, á fjörðum eða tilteknum fjarðasvæðum, sökum fiskiveiða fjarðarbúa, og skal það gjört með samþykkt á þann

hátt, er segir í lögum 14. desember 1877 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og skulu að öðru leyti ákvæði téðra laga og laga nr. 23 4. desember 1886 gilda um slíkar samþykktir.

■ 2. gr.

. . . ¹⁾ Að öðru leyti eru og slíkir aðkomumenn háðir landslögum um fiskiveiðar og útflutningstoll af sjávarafli.

¹⁾ L. 46/1926, 8.–9. gr.